


Skýrsla um nýtingu hvatapeninga í Garðabæ 2021

Reglur um hvatapeninga voru óbreyttar milli ára. Hvert barn sem búsett er í Garðabæ um lengri eða skemmri tíma á árinu 2021, og er á aldrinum 5 ára til og með 18 ára, áttu rétt á 50.000,- kr. að hámarki.

Alls áttu 3648 börn rétt á að nýta sér hvatapeninga árið 2021, en þau voru 3629 árið 2020. Drengir voru 1842, stúlkur 1806 og stálp 1 (Hagstofa Íslands). Heildarúthlutun var 137.032.405,- kr.


2804 af 3648 börnum nýttu sér rétt sinn til hvatapeninga árið 2021, eða 77% sem er 4 prósentustigum meira en 2020 (sjá graf 3). Graf 1 sýnir hlutfallstölu nýtingar hvatapeninga í hverjum árgangi auk meðaltals allra árganganna.

Vorið og haustið 2021 var farið í sérstaka auglýsingaherferð til að ná betur til 15-18 ára unglinga. Að auki var hvatning send á foreldra að láta börn sín og unglinga nýta hvatapeninga í skipulagt starf. Svo virðist sem það hafi haft einhver áhrif (graf 3).




Graf 1; Nýting hvatapeninga ársins 2021 í % eftir árgöngum barna sem eru 5 ára til 18 ára það ár.

Í grafi 2 má sjá árgangi og fjölda námskeiða í hverjum árgangi skráð á drengi (1809) og stúlkur (1775). Greinilegt er að yngri börnin (5-12 ára) nýta hvatapeninga sína á fleiri stöðum eða í fleiri námskeið en þau sem eldri eru.




Graf 2; Fjöldi námskeiða sem drengir og stúlkur nýta hvatapeninga sína í eftir árgöngum.

Þegar litið er á nýtingu hvatapeninga milli þriggja síðustu ára sést fall í hvatapeningum í öllum árgöngum árið 2020 þegar Covid 19 geisaði og samkomutakmarkanir voru hvað harðastar. 2021 virðist sem nýtingin hafi farið upp á við og ánægjulegt að sjá aukna nýtingu elstu árganganna.



Graf 3; Samanburður milli áráanna 2019, 2020 og 2021



Graf 4; Þróun á nýtingu hvatapeninga frá 2014 til 2021 í aldurshópunum 5-18 ára.

Þau nýttu hvatapeningana sína í eftirfarandi námskeið

Tafla1; sýnir 39 tegund námskeiða árið 2021 þar sem hvatapeningar voru nýttir og tíðni þess skipt í drengi og stúlkur samanborið við niðurstöður frá 2020

2021	Dr	St	Alls	2020	Dr	St	Alls
FÓTBOLTI	596	337	933	FÓTBOLTI	520	244	764
FIMLEIKAR	116	408	524	FIMLEIKAR	139	431	570
KÖRFUBOLTI	286	82	368	KÖRFUBOLTI	237	69	306
HANDBOLTI	189	139	328	HANDBOLTI	177	114	291
ALMENNAR ÆFINGAR	75	149	224	DANS	12	236	248
TÓNLIST	99	83	182	ALMENNAR ÆFINGAR	64	109	173
SUND	91	61	152	SUND	106	63	169
DANS	4	148	152	TÓNLIST	52	66	118
GOLF	98	35	133	GOLF	91	20	111
BARDAGAÍÞRÓTTIR	76	26	102	BARDAGAÍÞRÓTTIR	80	27	107
CROSSFIT	39	25	64	SKÁTAR	54	19	73
FRJÁLSAR	15	33	48	FRJÁLSAR	35	33	68
BALLETT	1	44	45	BALLETT		48	48
HESTAR	3	39	42	CROSSFIT	29	17	46
SKÁTAR	25	8	33	LISTIR	18	25	43
TENNIS	15	13	28	HESTAR	3	27	30
SKAUTAR	4	23	27	ANNAÐ	17	11	28
BLAK	2	16	18	TENNIS	19	8	27
MYNDLIST		15	15	SKAUTAR	3	16	19
SJÁLFSTYRK	7	8	15	SKÍÐI	7	12	19
KLIFUR	9	4	13	HJÓLREIÐAR	17	1	18
PARKOUR	12		12	KLIFUR	13	2	15
BADMINTON	10	2	12	HJÓLABRETTI	13	1	14
ANNAÐ	5	6	11	PARKOUR	11		11
LEIKLIST		10	10	SJÁLFSTYRK	5	6	11
TÖLVUR	6	4	10	BADMINTON	9	1	10
HJÓL	9	1	10	SÖNGUR		10	10
SÖNGUR		9	9	MYNDLIST	2	7	9
SKÍÐI	7	1	8	LYFTINGAR	9		9
LYFTINGAR	8		8	LEIKLIST		5	5
HJÓLABRETTI	4	3	7	BLAK	1	4	5
SNJÓBRETTI	3	2	5	JÓGA		5	5
BOGFIMI	2	3	5	RAFÍÞRÓTTIR	4		4
TUNGUMÁL	1	3	4	BOGFIMI	2		2
BORÐTENNIS	1		1	SNJÓBRETTI		2	2
SKYLMING	1		1	Samtals	1749	1639	3388
FÉLAGSFÆRNI	1		1				
JÓGA			1				
JAZZBALLET			1				
Alls	1820	1742	3562				